

FORSETAÚRSKURÐUR

um skiptingu starfa ráðherra.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands og forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti er störfum þannig skipt með ráðherrum:

1. gr.

Forsætisráðherra.

Katrín Jakobsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir forsætisráðuneytið skv. 1. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *forsætisráðherra*.

2. gr.

Dómsmálaráðherra.

Jón Gunnarsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir dómsmálaráðuneytið skv. 2. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *dómsmálaráðherra*.

3. gr.

Félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Guðmundur Ingi Guðbrandsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir félags- og vinnumarkaðsráðuneyti skv. 3. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *félags- og vinnumarkaðsráðherra*.

4. gr.

Fjármála- og efnahagsráðherra.

Bjarni Benediktsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir fjármála- og efnahagsráðuneytið skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *fjármála- og efnahagsráðherra*.

5. gr.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið skv. 5. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra*.

6. gr.

Heilbrigðisráðherra.

Willum Þór Þórsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir heilbrigðisráðuneytið skv. 6. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *heilbrigðisráðherra*.

7. gr.

Innviðaráðherra.

Sigurður Ingi Jóhannsson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir innviðaráðuneytið skv. 7. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *innviðaráðherra*.

8. gr.

Matvælaráðherra.

Svandís Svavarsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir matvælaráðuneytið skv. 8. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *matvælaráðherra*.

9. gr.

Menningar- og viðskiptaráðherra.

Lilja Dögg Alfreðsdóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir menningar- og viðskiptaráðuneytið skv. 9. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *menningar- og viðskiptaráðherra*.

10. gr.

Mennta- og barnamálaráðherra.

Ásmundur Einar Daðason fer með stjórnarmálefni sem heyra undir mennta- og barnamálaráðuneytið skv. 10. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *mennta- og barnamálaráðherra*.

11. gr.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Guðlaugur Þór Þórðarson fer með stjórnarmálefni sem heyra undir umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið skv. 11. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra*.

12. gr.

Utanríkisráðherra.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir fer með stjórnarmálefni sem heyra undir utanríkisráðuneytið skv. 12. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *utanríkisráðherra*.

13. gr.

Úrskurður þessi öðlast gildi 1. febrúar 2022. Með úrskurði þessum fellur úr gildi úrskurður nr. 126 frá 28. nóvember 2021 um skiptingu starfa ráðherra.

Gjört á Bessastöðum, 31. janúar 2022.

Guðni Th. Jóhannesson.

(L. S.)

Katrín Jakobsdóttir.